

**FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/1438****2024/EES/83/49**

frá 10. júlí 2023

um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB að því er varðar aðferðarlýsingar vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna og grænmetistegunda í landbúnaði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði (1), einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs (2), einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB (3) og 2003/91/EB (4) miða að því að tryggja að yrki nytjaplantna og grænmetistegunda í landbúnaði, sem aðildarríkin bæta við landskrár sínar, samrýmist þeim aðferðarlýsingum sem yrkisskrifstofa Bandalagsins (CPVO) hefur sett. Þessar tilskipanir miða einkum að því að tryggja fylgni við reglur að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna og grænmetistegunda í landbúnaði. Að því er varðar yrki sem falla ekki undir aðferðarlýsingar yrkisskrifstofu Bandalagsins miða þessar tilskipanir að því að tryggja að viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (UPOV) sé fylgt.
- 2) Yrkisskrifstofa Bandalagsins og Alþjóðasambandið um vernd nýrra plöntuyrkja hafa uppfært fyrirliggjandi aðferðarlýsingar, einkum að því er varðar hamp, hvítlauk, hnúðkál, kaffifífil, vatnsmelónur og næpur. Þessi þróun ætti að endurspeglast í lögum Sambandsins.
- 3) Því ætti að breyta tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB til samræmis við það.
- 4) Aðildarríki ættu að beita nýju reglunum frá 1. janúar 2024. Til að raska ekki opinberum athugunum ætti þó eftirfarandi að gilda: Að því er varðar yrki, sem voru ekki enn samþykkt til innfærslu í sameiginlegu skrána yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði eða grænmetistegundir, ætti að halda áfram með opinberar athuganir, sem hófust fyrir 1. janúar 2024 og er enn ekki lokið, í samræmi við tilskipun 2003/90/EB eða tilskipun 2003/91/EB, eins og þær voru áður en þeim var breytt með þessari tilskipun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 176, 11.7.2023, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 194/2024 frá 23. september 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1.

(2) Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

(3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði (Stjtið. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 7).

(4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum grænmetistegunda (Stjtið. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 11).

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2003/90/EB

Í stað I. og II. viðauka við tilskipun 2003/90/EB kemur textinn sem settur er fram í A-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

2. gr.

Breytingar á tilskipun 2003/91/EB

Í stað viðaukanna við tilskipun 2003/91/EB kemur textinn sem settur er fram í B-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

3. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnáskilgæfingarmáli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2023. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. janúar 2024.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Að því er varðar opinberar athuganir á yrkjum sem hófust fyrir 1. janúar 2024 en hefur ekki enn verið lokið skulu tilskipanir 2003/90/EB og 2003/91/EB gilda eins og þær voru áður en þeim var breytt með þessari tilskipun.

5. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. júlí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIDAUKI

A-hluti

„I. VIDAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja tæknilegum aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins (CPVO) (*)

Visindaheiti	Almennt heiti	Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins
<i>Dactylis glomerata</i> L.	Axhnoðapuntur	TP 31/1 frá 25.3.2021
<i>Festuca arundinacea</i> Schreb.	Tágavingull	TP 39/1 frá 1.10.2015
<i>Festuca filiformis</i> Pourr.	Bráðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
<i>Festuca ovina</i> L.	Sauðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
<i>Festuca pratensis</i> Huds.	Hávingull	TP 39/1 frá 1.10.2015
<i>Festuca rubra</i> L.	Rauðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
<i>Festuca trachyphylla</i> (Hack.) Hack.	Skrápvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
<i>Lolium multiflorum</i> Lam.	Slétturýgresi	TP 4/2 frá 19.3.2019
<i>Lolium perenne</i> L.	Vallarrýgresi	TP 4/2 frá 19.3.2019
<i>Lolium x hybridum</i> Hausskn.	Rýgresisblendingur	TP 4/2 frá 19.3.2019
<i>Medicago sativa</i> L.	Refasmári	TP /6/1 leiðr. frá 22.12.2021
<i>Medicago x varia</i> T. Martyn	Sandrefasmári	TP 6/1 leiðr. frá 22.12.2021
<i>Phleum nodosum</i> L.	Hnúðfoxgras	TP 34/1 frá 22.12.2021
<i>Phleum pratense</i> L.	Vallarfoxgras	TP 34/1 frá 22.12.2021
<i>Pisum sativum</i> L. (partim)	Fóðurertur	TP 7/2 endursk. 3 leiðr. frá 6.3.2020
<i>Poa pratensis</i> L.	Vallarsveifgras	TP 33/1 frá 15.3.2017
<i>Trifolium pratense</i> L.	Rauðsmári	TP 5/1 frá 22.12.2021
<i>Vicia faba</i> L.	Garðbaunir	TP 8/1 frá 19.3.2019
<i>Vicia sativa</i> L.	Fóðurflækja	TP 32/1 frá 19.4.2016
<i>Brassica napus</i> L. var. <i>napobrassica</i> (L.) Rchb.	Gulrófur	TP 89/1 frá 11.3.2015
<i>Raphanus sativus</i> L. var. <i>oleiformis</i> Pers.	Fóðurhreðkur	TP 178/1 frá 15.3.2017
<i>Brassica napus</i> L. (partim)	Fóðurrepjur	TP 36/3 frá 21.4.2020
<i>Cannabis sativa</i> L.	Hampur	TP 276/2 endursk. frá 30.12.2022
<i>Glycine max</i> (L.) Merr.	Sojabaunir	TP 80/1 frá 15.3.2017
<i>Gossypium</i> spp.	Baðmull	TP 88/2 frá 11.12.2020
<i>Helianthus annuus</i> L.	Sólblóm	TP 81/1 frá 31.10.2002
<i>Linum usitatissimum</i> L.	Lín/spunalín	TP 57/2 frá 19.3.2014
<i>Sinapis alba</i> L.	Hvítur mustarður	TP 179/1 frá 15.3.2017

<i>Avena nuda</i> L.	Snoðhafrar	TP 20/3 frá 6.3.2020
<i>Avena sativa</i> L. (þ.m.t. <i>A. byzantina</i> K. Koch)	Hafrar	TP 20/3 frá 6.3.2020
<i>Hordeum vulgare</i> L.	Bygg	TP 19/5 frá 19.3.2019
<i>Oryza sativa</i> L.	Hrísgrión	TP 16/3 frá 1.10.2015
<i>Secale cereale</i> L.	Rúgur	TP 58/1 endursk. leiðr. frá 27.4.2022
<i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench undirteg. <i>bicolor</i>	Dúrur	TP 122/1 frá 19.3.2019
<i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench undirteg. <i>drummondii</i> (Steud.) de Wet ex Davidse	Akurdúrur	TP 122/1 frá 19.3.2019
<i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench undirteg. <i>bicolor</i> x <i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench undirteg. <i>drummondii</i> (Steud.) de Wet ex Davidse	Blendingar sem koma fram við kynblöndun <i>Sorghum bicolor</i> undirteg. <i>bicolor</i> og <i>Sorghum bicolor</i> undirteg. <i>drummondii</i>	TP 122/1 frá 19.3.2019
<i>xTriticosecale</i> Wittm. ex A. Camus	Blendingar sem koma fram við kynblöndun tegunda af ættkvíslinni <i>Triticum</i> og tegunda af ættkvíslinni <i>Secale</i>	TP 121/3 leiðr. frá 27.4.2022
<i>Triticum aestivum</i> L. undirteg. <i>aestivum</i>	Hveiti	TP 3/5 frá 19.3.2019
<i>Triticum turgidum</i> L. undirteg. <i>durum</i> (Desf.) van Slageren	Harðhveiti	TP 120/3 frá 19.3.2014
<i>Zea mays</i> L. (partim)	Maís	TP 2/3 frá 11.3.2010
<i>Solanum tuberosum</i> L.	Kartöflur	TP 23/3 frá 15.3.2017

(*) Þessar aðferðarlýsingar eru á vefsíðu yrkisskrifstofu Bandalagsins (www.cpvo.europa.eu).

II. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja að því er varðar prófanir (*)

Visindaheiti	Almennt heiti	Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja
<i>Beta vulgaris</i> L.	Fóðursykurrófur	TG/150/3 frá 4.11.1994
<i>Agrostis canina</i> L.	Týtulíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
<i>Agrostis gigantea</i> Roth	Stórlíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
<i>Agrostis stolonifera</i> L.	Skriðlíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
<i>Agrostis capillaris</i> L.	Hálingresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
<i>Bromus catharticus</i> Vahl	Sólfax	TG/180/3 frá 4.4.2001
<i>Bromus sitchensis</i> Trin.	Sitkafax	TG/180/3 frá 4.4.2001
<i>xFestulolium</i> Asch. et Graebn.	Blendingar sem koma fram við kynblöndun tegunda af ættkvíslinni <i>Festuca</i> og tegunda af ættkvíslinni <i>Lolium</i>	TG/243/1 frá 9.4.2008
<i>Lotus corniculatus</i> L.	Akurmáriuskór	TG/193/1 frá 9.4.2008
<i>Lupinus albus</i> L.	Ljósálúpínur	TG/66/4 frá 31.3.2004
<i>Lupinus angustifolius</i> L.	Lensúlúpínur	TG/66/4 frá 31.3.2004
<i>Lupinus luteus</i> L.	Ilmlúpínur	TG/66/4 frá 31.3.2004
<i>Medicago dolia</i> ta Carmign.	Broddrefasmári	TG/228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago italica</i> (Mill.) Fiori	Spælrefasmári	TG/228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago littoralis</i> Rohde ex Loisel.	Randrefasmári	TG/228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago lupulina</i> L.	Svartrefasmári	TG/228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago murex</i> Willd.	Hnattrefasmári	TG/228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago polymorpha</i> L.	Dvergregfasmári	TG/228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago rugosa</i> Desr.	Úfrefasmári	TG/228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago scutellata</i> (L.) Mill.	Skjaldrefasmári	TG/228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago truncatula</i> Gaertn.	Þornrefasmári	TG/228/1 frá 5.4.2006
<i>Trifolium repens</i> L.	Hvítsmári	TG/38/7 frá 9.4.2003
<i>Trifolium subterraneum</i> L.	Jarðsmári	TG/170/3 frá 4.4.2001
<i>Phacelia tanacetifolia</i> Benth.	Hunangsjurt	TG/319/1 frá 5.4.2017
<i>Arachis hypogaea</i> L.	Jarðhnetur	TG/93/4 frá 9.4.2014
<i>Brassica juncea</i> (L.) Czern	Brúnn mustarður	TG/335/1 frá 17.12.2020
<i>Brassica rapa</i> L. var. <i>silvestris</i> (Lam.) Briggs	Nepjur	TG/185/3 frá 17.4.2002
<i>Carthamus tinctorius</i> L.	Litunarpistlar	TG/134/3 frá 12.10.1990
<i>Papaver somniferum</i> L.	Valmúi	TG/166/4 frá 9.4.2014

(*) Þessar viðmiðunarreglur eru á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja (www.upov.int)"

B-hluti

„I. VIDAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja tæknilegum aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins (CPVO) (*)

Visindaheiti	Almennt heiti	Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins
<i>Allium cepa</i> L. (Cepa-hópur)	Laukar og bananaskalottlaukar (Echalion)	TP 46/2 frá 1.4.2009
<i>Allium cepa</i> L. (Aggregatum-hópur)	Skalottlaukar	TP 46/2 frá 1.4.2009
<i>Allium fistulosum</i> L.	Pípulaukar	TP 161/1 frá 11.3.2010
<i>Allium porrum</i> L.	Blaðlaukar	TP 85/2 frá 1.4.2009
<i>Allium sativum</i> L.	Hvítlaukur	TP 162/2 frá 30.5.2023
<i>Allium schoenoprasum</i> L.	Graslaukur	TP 198/2 frá 11.3.2015
<i>Apium graveolens</i> L.	Sellerí	TP 82/1 frá 13.3.2008
<i>Apium graveolens</i> L.	Hnúðsillur	TP 74/1 frá 13.3.2008
<i>Asparagus officinalis</i> L.	Sperglar	TP 130/2 frá 16.2.2011
<i>Beta vulgaris</i> L.	Rauðrófur, þ.m.t. Cheltenham-rófur	TP 60/1 frá 1.4.2009
<i>Beta vulgaris</i> L.	Blaðbeðjur	TP 106/2 frá 14.4.2021
<i>Brassica oleracea</i> L.	Grænkál	TP 90/1 frá 16.2.2011
<i>Brassica oleracea</i> L.	Blómkál	TP 45/2, 2. endursk. frá 21.3.2018
<i>Brassica oleracea</i> L.	Spergilkál eða sprotakál	TP 151/2, 2. endursk. frá 21.4.2020
<i>Brassica oleracea</i> L.	Rósakál	TP 54/2 endursk. frá 15.3.2017
<i>Brassica oleracea</i> L.	Hnúðkál	TP 65/2 frá 30.5.2023
<i>Brassica oleracea</i> L.	Blöðrukál, hvítkál og rauðkál	TP 48/3, 2. endursk. frá 25.3.2021
<i>Brassica rapa</i> L.	Kínakál	TP 105/1 frá 13.3.2008
<i>Capsicum annuum</i> L.	Eldpipar eða paprika	TP 76/2 endursk. 2 leiðr. frá 21.4.2020
<i>Cichorium endivia</i> L.	Hrokkinblaða salatfíflar og breiðblaða salatfíflar	TP 118/3 frá 19.3.2014
<i>Cichorium intybus</i> L.	Iðnaðarsikoriur	TP 172/2 frá 1.12.2005
<i>Cichorium intybus</i> L.	Kaffifíflar	TP 154/2 endursk. frá 31.3.2023
<i>Cichorium intybus</i> L.	Jólasalat	TP 173/2 frá 21.3.2018
<i>Citrullus lanatus</i> (Thunb.) Matsum. et Nakai	Vatnsmelónur	TP 142/2, 2. endursk. frá 31.3.2023
<i>Cucumis melo</i> L.	Melónur	TP 104/2 endursk. 2 leiðr. frá 25.3.2021
<i>Cucumis sativus</i> L.	Gúrkur og smágúrkur	TP 61/2, 2. endursk. frá 19.3.2019
<i>Cucurbita maxima</i> Duchesne	Tröllagrasker	TP 155/1 frá 11.3.2015

<i>Cucurbita pepo</i> L.	Grasker eða dvergbitar	TP 119/1 endursk. frá 19.3.2014
<i>Cynara cardunculus</i> L.	Ætjibistlar og salatþistlar	TP 184/2 endursk. frá 6.3.2020
<i>Daucus carota</i> L.	Gulrætur og fódurgulrætur	TP 49/3 leiðr. frá 13.3.2008
<i>Foeniculum vulgare</i> Mill.	Fenníkur	TP 183/2 frá 14.4.2021
<i>Lactuca sativa</i> L.	Salat	TP 13/6, 3. endursk. frá 27.4.2022
<i>Solanum lycopersicum</i> L.	Tómatar	TP 44/4, 5. endursk. frá 14.4.2021
<i>Petroselinum crispum</i> (Mill.) Nyman ex A. W. Hill	Steinselja	TP 136/1 leiðr. frá 21.3.2007
<i>Phaseolus coccineus</i> L.	Glæsibaunir	TP 9/1 frá 21.3.2007
<i>Phaseolus vulgaris</i> L.	Buskabaunir og stangarbaunir	TP 12/4 frá 27.2.2013
<i>Pisum sativum</i> L. (partim)	Mergertur, hýðisertur og sykurertur	TP 7/2 endursk. 3 leiðr. frá 6.3.2020
<i>Raphanus sativus</i> L.	Hreðkur, vetrarhreðkur	TP 64/2 endursk. leiðr. frá 11.3.2015
<i>Rheum rhabarbarum</i> L.	Rabarbarar	TP 62/1 frá 19.4.2016
<i>Scorzonera hispanica</i> L.	Svartrætur	TP 116/1 frá 11.3.2015
<i>Solanum melongena</i> L.	Eggaldin	TP 117/1 frá 13.3.2008
<i>Spinacia oleracea</i> L.	Spínat	TP 55/5, 4. endursk. frá 27.4.2022
<i>Valerianella locusta</i> (L.) Laterr.	Strábrúða eða vorsalat	TP 75/2 frá 21.3.2007
<i>Vicia faba</i> L. (partim)	Breiðbaunir	TP 206/1 frá 25.3.2004
<i>Zea mays</i> L. (partim)	Sykurmaís og poppmaís	TP 2/3 frá 11.3.2010
<i>Solanum habrochaites</i> S. Knapp & D.M. Spooner; <i>Solanum lycopersicum</i> L. x <i>Solanum habrochaites</i> S. Knapp & D.M. Spooner; <i>Solanum lycopersicum</i> L. x <i>Solanum peruvianum</i> (L.) Mill.; <i>Solanum lycopersicum</i> L. x <i>Solanum cheesmaniae</i> (L. Ridley) Fosberg; <i>Solanum pimpinellifolium</i> L. x <i>Solanum habrochaites</i> S. Knapp & D.M. Spooner	Grunnstofnar tómata	TP 294/1, 5. endursk. frá 14.4.2021
<i>Cucurbita maxima</i> Duchesne x <i>Cucurbita moschata</i> Duchesne	Tegundablendaðir blendingar <i>Cucurbita maxima</i> Duchesne x. <i>Cucurbita moschata</i> Duchesne til notkunar sem grunnstofnar	TP 311/1 frá 15.3.2017

(*) Þessar aðferðarlýsingar eru á vefsíðu yrkisskrifstofu Bandalagsins (www.cpvo.europa.eu).

*II. VIÐAUKI***Skrá yfir tegundir sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja að því er varðar prófanir (*)**

Visindaheiti	Almennt heiti	Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja
<i>Brassica rapa</i> L.	Næpur	TG/37/11 frá 23.9.2022

(*) Þessar viðmiðunarreglur eru á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja (www.upov.int).“